



# Mannréttindi heima og að heiman

Í verkefninu tengja nemendur dæmi um mannréttindi og mannréttindabrot við greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Markmið fræðslunnar:

1. Að nemendur kynnist mannréttindum og mannréttindabrotum heima fyrir sem og víða um heim og geti greint tengsl þeirra við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
2. Að nemendur fái þjálfun í að draga ályktanir, beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.
3. Að nemendur fái þjálfun í að vinna í samstarfi við aðra.

## 1

### UNDIRBÚNINGUR

Pennar og blöð fyrir hvern hóp ásamt eintökum af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Dæmunum úr skjalinu *Réttindi um allan heim* (sjá fylgiskjöl) er svo skipt á milli allra hópana.

## 2

### KVEIKJA

Kveikja er ekki nauðsynleg í þessu verkefni þar sem æfingin sjálf er ágæt kveikja.

## 3

### FRAMKVÆMD VERKEFNIS

#### A hluti – Réttindi víða um heim skilgreind

1. Nemendum er skipt í litla hópa og fær hver hópur eintak af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna ásamt nokkrum dæmum úr skjalinu *Réttindi um allan heim* (sjá fylgiskjöl).
2. Nemendur fá 15-20 mínútur til að finna tengingu á milli dæmanna og mannréttindayfirlýsingarinnar. Til dæmis vísar dæmi 12 í brot á 3. grein (rétturinn til lífs) og 20. grein (rétturinn til að koma saman). Hugsanlega er gott að sýna nemendum dæmi í upphafi til leiðsagnar um hvernig eigi að vinna verkefnið.
3. Næst er nemendum hvers hóps úthlutaður nýr hópur. Það er gert með því að úthluta hverjum og einum úr gamla hópnum númeri. Síðan mynda þeir sem hafa sömu tölu nýja hópa saman.
4. Í nýja hópnum eiga nemendur svo að segja öðrum meðlimum frá þeim dæmum sem þeir unnu með fyrri hópnum.

#### B Hluti – Mannréttindi heima fyrir

1. Nýju hóparnir vinna saman og útbúa lista yfir tíu dæmi um mannréttindi og mannréttindabrot sem tengjast Íslandi.
2. Næst finna hóparnir tengingu á milli íslensku dæmanna og mannréttindayfirlýsingarinnar líkt og þeir gerðu með erlendu dæmin.
3. Að lokum deila allir hóparnir 2-3 dæmum af listanum með öllum hópnum og skýra frá tengslunum við mannréttindayfirlýsinguna.

## 4

### ÍGRUNDUN

Þegar A og B hluta er lokið er gott að rýna svolítið í verkefnið og svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða dæmi úr A hluta tengdu nemendur sérstaklega við og af hverju?
- Hvernig fundu nemendur dæmi fyrir listann Mannréttindi heima fyrir? Tengdust þau einhverju sem nemendur sjálfir, fjölskyldur þeirra og vinir höfðu upplifað?
- Eru mannréttindasinnar í hópi nemenda? Ef já, hvað gera þeir til að stuðla að mannréttindum og vernda þau? Ef nei, af hverju ekki?
- Hvernig gætu nemendur stuðlað að því dags daglega að mannréttindi séu virt?



Fylgiskjal

# Mannréttindi heima og að heiman

## Réttindi um heim allan

1. Einstaklingur í Suður-Afríku skráir sig á kjörskrá.
2. Kínversk yfirvöld refsa hjónum fyrir að eignast fleiri en tvö barn.
3. Tyrknesk yfirvöld brenna þorp minnihluta hóps Kúrda til kaldra kola og neyða íbúana til að flytja í nýja bæi.
4. Brasilísku barni er neitað um skólavist vegna þess að fjölskylda þess hefur ekki efni á skólabókum.
5. Búrmíski herinn steypir lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn af stóli.
6. Glæpamaður í El Salvador situr í fangelsi án ákæru.
7. Fjórtán ára gömul búrmísk stúlka er seld í vændi af fátækri fjölskyldu sinni. Þar neyðist hún til að vinna þar til hún getur borgað skuldir foreldra sinna.
8. Starfsfólk í fataiðnaði á Sri Lanka er neytt til að vinna langa vinnudaga við slæmar aðstæður og fær ekki greitt fyrir vinnu sína svo mánuðum skiptir.
9. Frumbyggjar í Norður-Ameríku standa fastir á sínu við tínslu arnarfjaðra fyrir trúarathöfn.
10. Almennum borgurum sem flýja vopnuð átök á Haítí er neitað um inngöngu til Bandaríkjanna sem flóttamenn.
11. Fatlaður maður er dæmdur til dauða í Bandaríkjunum fyrir glæp sem hann framdi þegar hann var 14 ára gamall.
12. Kínversk yfirvöld myrða stuðningsmenn lýðræðis á meðan á friðsælum mótmælum stendur.
13. Konum í Afganistan er bannað að sækja sér menntun eða vera í vinnu.
14. Í seinni heimstyrjöldinni eru Bandaríkjamenn af japönskum uppruna neyddir til að yfirgefa heimili sín og sendir í fangabúðir.
15. Nemar í Þýskalandi lesa fréttir um innlend stjórnámál og mannréttindi annarra landa.
16. Í þingkosningum í Króatíu hafa einungis frambjóðendur stjórnarflokkanna aðgang að umfjöllun í ríkisreknum fjölmiðlum.
17. Aðgerðasinnar í Gvatemala stofna samvinnufélag til að útvega heimilislausum börnum mat og menntun.
18. Börn í Pakistan eru neydd í þrælkunarvinnu þar sem laun eru lág og vinnudagurinn langur. Þau fá ekki að ganga í skóla.
19. Yfirvöld láta fjarlægja bækur sem þau telja ósiðlegar og óþjóðræknar af bókasöfnum.



20. Frumbyggjar í Níkaragva stofna háskóla til að viðhalda menningarhefð sinni og efla menntun frumbyggja.
21. Foreldrar á Chernobyl-svæðinu í Úkraínu og eiga börn sem fæddust með fæðingargalla vegna kjarnorkuslyss krefjast upplýsinga frá yfirvöldum.
22. Nemar í Evrópu og Norður-Ameríku sniðganga fótbolta sem framleiddir eru með barnaprælkun og skrifa bréf til að þrýsta á stjórnvöld í Pakistan og Indlandi að binda enda á þessa misnotkun.
23. Frumbyggjar í Norður-Ameríku eru neyddir til að sækja heimavistarskóla þar sem þeim er bannað að tala sitt eigið tungumál.
24. Verkamenn í Póllandi krefjast réttar síns til að stofna verkalýðsfélag.
25. Írskur hryðjuverkamaður sprengir upp veitingahús í Englandi.
26. Fólk úr Ogoni-þjóðflokknum í Nígíríu mótmæla olíunámu á landi forfeðra sinna.
27. Kona í Íran er beitt barsmíðum vegna þess að hún hylur ekki hár sitt á almannafæri en það er ólöglegt í landinu.
28. Frumbyggjar í Ástralíu endurheimta land sem yfirvöld höfðu tekið af þeim. Staðarnöfnum verður breytt eftir tillögum frumbyggjanna sjálfra.
29. Palestínumenn fara í kröfugöngu og krefjast viðurkenningar á ríki sínu.
30. Kennari smánar nemanda sem svarar spurningu vitlaust.
31. Í Sádí-Arabíu er hönd þjófs hoggin af. Þetta er refsing samkvæmt trúarlegum siðum.
32. Nemar á Filipseyjum stofna klúbba til að rökræða núverandi stjórn málaástand í landinu.